

HV 2023-22
ISSN 2298-9137



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Lax- og silungsveiðin 2022

Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson

HAFNARFJÖRÐUR – JÚNÍ 2023

Lax- og silungsveiðin 2022

Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson





Upplýsingablað

Titill: Lax- og silungsveiðin 2022

Höfundur: Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson

Skýrsla nr:	Verkefnisstjóri:	Verknúmer:
HV 2023-22	Guðmunda Þórðardóttir	9080
ISSN	Fjöldi síðna:	Útgáfudagur:
2298-9137	39	22. júní 2023
Unnið fyrir:	Dreifing:	Yfirlægning af:
Hafrannsóknastofnun	Opin	Fjóla Rut Svavarsdóttir

Ágrip

Í skýrslunni eru teknar saman tölulegar upplýsingar um lax- og silungsveiði á Íslandi fyrir árið 2022. Samantektin er gerð með sambærilegum hætti og gert hefur verið síðustu ár og verið birt árlega á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/lax-og-silungsveidin-tolur>

Á árinu 2022 var stangveiði samkvæmt skráningu á laxi í ám á Íslandi alls 43.184 laxar sem er um 4% yfir meðalveiðinni frá 1974-2021. Af veiddum löxum var 23.029 (53,3%) sleppt og var heildarfjöldi landaðra stangveiddra laxa (afl) 20.155 (46,7%). Af stangveiddum löxum var 16.943 smálöxum sleppt og 18.505 landað eða samtals 35.448 laxar (82,1 %) og 6.086 stórlöxum sleppt og 1.650 landað eða samtals 7.736 (17,9%) laxar með tveggja ára sjávardvöl eða lengri (stórlaxar). Alls var þyngd landaðra laxa (afl) í stangveiði 51.607 kg.

Netaveiðar hafa minnkað mikið síðustu ár og voru skráðir veiddir laxar í net alls 2.448 og aflí 6.863 kg. Veiðin í net árið 2022 var 2.126 löxum færri en árið 2021 og rúmlega 8.000 löxum minni en verið hefur að meðaltali á árunum 1974-2021. Afli á villtum löxum hefur farið minnkandi á undanförnum árum bæði í stangveiði og netaveiði. Er þar bæði um að ræða aukinn fjölda sem sleppt er úr stangveiði og minnkandi sókn í netaveiði.

Í stangveiði voru skráðir alls 53.005 urriðar sumarið 2022 og þar af voru 45,5% þeirra sleppt. Veiddar bleikjur voru alls 26.348, og sleppt 19,0%, en árið 2021 voru veiddar 30.726 bleikjur og sleppt 45,2%. Afli bleikju var 21.343 fiskar (81,0%) sem vógu samtals 15.268 kg. Árið 2022 veiddust 5 hnúðlaxar (bleiklaxar) hér á landi sem skráðir voru í veiðiskýrslur en árið 2021 voru skráðir 339 hnúðlaxar.

Abstract

Reporting of all catch in freshwater fisheries is mandatory, by law, in Iceland. The catch is recorded in special logbooks in the fishing lodges. At the end of the fishing season the logbooks from every river are gathered and statistical information are processed by the Marine and Freshwater Research Institute (MFRI). A summary report is sent back to the fisheries associations as well as new logbooks before the next fishing season. Online electronic catch recording in a central database is now available and can be accessed through the

institute web page. A report with catch in rivers and lakes is published by the MFRI listing the total catch by rivers and lakes (www.hafogvatn.is).

The total rod catch of Atlantic salmon in 2022 was 43.184 fish, where off 23.029 (53,3%) was released (catch and release).

The total number of brown trout/seatrout caught in rod fishery was 53.005 fish, 45,5% were released and the catch landed was 28.907 fish and 38.010 kg. The total number of Arctic charr/sea run Arctic charr in the rod fishery was 26.348 fish, 5.005 were released and the catch landed was 21.343 fish and 15.268 kg. The angling catch in rivers with Ocean ranching was 10.553 fish which is 24,4% of total angling catch in Iceland in 2022.

A total of 5 pink salmon was recorded in Iceland in the 2022, 4 in rod and 1 in gillnet.

Lykilord: lax, urriði, bleikja, veiðiskráning, stangveiði, netaveiði, smálax, stórlax, afli, veitt og sleppt

Undirskrift verkefnisstjóra:

Gudmundur Þórdarð

Undirskrift forstöðumanns sviðs:

Gudni Guðbergsson

Efnisyfirlit	Bls.
Töfluskrá	ii
Myndaskrá	iii
1. Inngangur	1
2. Aðferðir.....	3
3. Niðurstöður	5
<i>Lax -og silungsveiði 2022.....</i>	5
<i>Upprunni laxa</i>	5
<i>Netaveiðar lax</i>	5
<i>Afli á villtum laxi.....</i>	5
<i>Urriðaveiði.....</i>	6
<i>Bleikjuveiði.....</i>	6
<i>Veiðihæstu árnar.....</i>	6
<i>Veitt og sleppt</i>	6
<i>Veiði eftir landshlutum</i>	7
<i>Netaveiðin 2022</i>	7
<i>Sjóbirtingur og sjóbleikja eftir landshlutum</i>	8
<i>Hnúðlax.....</i>	8
<i>Regnbogasilungur.....</i>	8
<i>Eldislax.....</i>	8
4. Umræður	9
Þakkarorð	12
Heimildir	13
Töflur	14
Myndir	32

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í stangveiði á Íslandi sumarið 2022, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri	14
Tafla 2. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í netaveiði á Íslandi sumarið 2022, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri	14
Tafla 3. Heildarafli og þyngd (kg) laxa í stangveiði og netaveiði á Íslandi 2022, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri	15
Tafla 4. Fjöldi og þyngd (kg) veiddra urriða (sjóbirtinga) og bleikju (sjóbleikju), í stangveiði á Íslandi sumarið 2022, skipt eftir landshlutum	15
Tafla 5. Heildarfjöldi stang- og netveiddra laxa 1974-2022 skipt í veiði, afla og fjölda slepptra fiska. Gerð er grein fyrir fjölda laxa veiddum í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða.....	16
Tafla 6. Tíu hæstu laxveiðíárnar sumarið 2022, skipt eftir veiði og afla (afli er fjöldi landaðra laxa)..	17
Tafla 7. Tíu hæstu urriðaveiðisvæðin 2022	17
Tafla 8. Tíu hæstu bleikjuveiðisvæðin 2022	17
Tafla 9. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Reykjanesi árið 2022 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	18
Tafla 10. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Vesturlandi árið 2022 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	19
Tafla 11. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Vestfjörðum árið 2022 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	21
Tafla 12. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Norðurlandi vestra árið 2022 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	22
Tafla 13. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Norðurlandi eystra árið 2022 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	23
Tafla 14. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Austurlandi árið 2022 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	24
Tafla 15. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Suðurlandi árið 2022 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	25
Tafla 16. Fjöldi veiddra laxa í völdum ám á Íslandi á árunum 1985-2022 ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið.....	27
Tafla 17. Fjöldi veiddra urriða í völdum ám á árunum 1987-2022, ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið. Ekki er greint á milli staðbundinna og sjögenginna fiska	29
Tafla 18. Fjöldi veiddra bleikja í völdum ám á árunum 1987-2022, ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið. Ekki er greint á milli staðbundinna og sjögenginna fiska	30
Tafla 19. Skráð netaveiði á Íslandi árið 2022. Gefinn er fjöldi og þyngd (kg)	31

Myndaskrá

1. mynd. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974-2022 skipt í afla og sleppt ásamt afla og sleppt úr sleppingum gönguseiða.....	32
2. mynd. Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974-2022.....	32
3. mynd. Afla (landað) náttúrlegra laxa úr stangveiði og netaveiði á árunum 1974-2022.....	33
4. mynd. Fjöldi veiddra urriða í stangveiði á Íslandi á árunum 1987-2022, fjöldi í afla og sleppt.....	34
5. mynd. Fjöldi veiddra bleikja í stangveiði á Íslandi á árunum 1987-2022, fjöldi í afla og sleppt.....	34
6. mynd. Fjöldi veiddra smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó), fært til gönguseiðaárgangs í þeim ám þar sem veiðiskráning hefur verið samfellt frá árinu 1970-2022.....	35
7. mynd. Hlutfall laxa sleppt úr stangveiði 1996-2022 bæði í heild og laxa í ám sem hafa veiði úr villtum laxastofnum.....	35
8. mynd. Hlutfall laxa sleppt úr stangveiði skipt í smálax (eitt ár í sjó) og stórlax (tvö ár í sjó) bæði fyrir veiði í öllum ám og svo fyrir villta laxa sér.....	36
9. mynd. Hlutfall urriða og bleikju sem sleppt var úr stangveiði á árunum 1999-2022.....	36
10. mynd. Stangveiði á sjóbirtingi skipt eftir landshlutum.....	37
11. mynd. Stangveiði á sjóbirtingi skipt eftir landshlutum. Frávik frá meðaltali.....	37
12. mynd. Stangveiði á sjóbleikju skipt eftir landshlutum.....	38
13. mynd. Stangveiði á sjóbleikju skipt eftir landshlutum. Frávik frá meðaltali.....	38
14. mynd. Fjöldi hnúðlaxa sem skráðir voru á Íslandi árin 2003-2022.....	39

1. Inngangur

Skráning á lax- og silungsveiði er þýðingamikil undirstaða þess að hægt sé að greina stöðu stofna laxfiska og viðhafa góða stjórnun nýtingar til verndar þessarar mikilvægu auðlindar. Skráning á veiði er lagaskylda skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. „*Gera skal skýrslu um veiði í sérhverju veiðivatni og netlögum sjávarjarða og hvílir skylda til skýrslugjafar á handhafa veiðiréttar og sérhverjum þeim sem veiði stundar*“. Samkvæmt markmiðum laga um lax- og silungsveiði á veiðinýting villtra fiskstofna í fersku vatni að vera sjálfbær og lögum samkvæmt bera veiðifélög og veiðiréttarhafar ábyrgð á skráningu á veiði. Ákvarðanir vegna nýtingar og framkvæmda skulu grundvallast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð einstakra stofna (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013). Skráning veiði á laxfiskum er liður í að fylgjast með vexti og viðgangi fiskistofna og er skráningin hér á landi með því besta sem þekkist hjá þjóðum sem stunda veiðar á laxfiskum.

Hafrannsóknastofnun hefur, í samstarfi við Fiskistofu, opnað fyrir aðgang að rafrænni veiðiskráningu fyrir veiðina árið 2023 (<https://www.hafogvatn.is/> Veiðibók lax- og silungsveiði). Með opnum rafrænnar skráningar á veiði verður hin hefðbundna skráning veiði í veiðibækur aflögð nema þar sem rafrænni skráningu verður ekki viðkomið. Í þeim tilfellum ætti hefðbundin veiðibók að liggja fyrir til skráningar og þarf þá að láta vita af því. Veiðiréttarhafar, forsvarsmenn veiðifélaga eða þeir sem sjá um skráningu á lax- og silungsveiði bera ábyrgð á að skráning skili sér. Einnig hafa nokkrir aðilar verið að bjóða upp á rafræna skráningu á veiði m.a. með smáforritum en með því er hægt að færa upplýsingar um stangveiði í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar.

Mikilvægt er að hafa í huga þegar þróun á stangveiði er skoðuð að laxar úr gönguseiðasleppingum eru viðbót við náttúrulega framleiðslu áんな. Einnig er mikilvægt að benda á að fjöldi fiska sem sleppt er úr stangveiði (veitt og sleppt) hefur aukist jafnt og þétt frá 1996 en það getur haft áhrif á samanburð við veiðitölur frá fyrri tíma þar sem sömu fiskar geta veiðst og verið skráðir oftar en einu sinni. Þetta þarf að hafa í huga þegar m.a. veiðitölur eru notaðar fyrir mat á stofnstærð. Ávallt þegar fiski er sleppt þarf að fara varlega við alla meðhöndlun því laxfiskar, eins og allir fiskar, eru viðkvæmir fyrir meðhöndlun og þá einkum á fyrri hluta veiðítíma.

Þegar ástand fiskstofna er metið í ám og vötnum og við mat á verðmæti veiða innan- og milli veiðitímabila eru m.a. viðhöfð gögn sem skráð hafa verið um lax- og silungsveiði. Einnig er stuðst við veiðitölur við skiptingu arðs á milli veiðiréttarhafa innan veiðifélaga og því er mikilvægt að viðhafa alltaf góða skráningu. Ástæða er til að minna á að bæta þarf skráningu á silungsveiði almennt í ám og vötnum en það vantar mikið uppá að öll silungsveiði sé skráð.

Göngur hnúðlaxa hafa verið að aukast hér á landi á síðustu árum. Mikilvægt er að fylgjast með fjölda og útbreiðslu hnúðlaxa og því mikilvægt að hann sé skráður. Einnig er mikilvægt að fá sýni af hnúðlöxum til að auka þekkingu á tegundinni og þeim áhrifum sem hún getur haft á fiskstofna og vistkerfi hér á landi. Auk þessa þarf að gera Hafrannsóknastofnun eða Fiskistofu viðvart ef fiskar með einkenni eldisfiska veiðast í ám. Taka þarf hreistur og erfðasýni af slíkum fiskum svo hægt sé að skera úr um uppruna þeirra. Sama á við ef regnbogasilungur veiðist í

ám en regnbogasilungur er einnig alinn í sjókvíum hér við land. Mikilvægt er að skrá allar tegundir sem veiðast í lax- og silungsveiði t.d. hnúðlax, flundra og áll.

Í þessari skýrslu hafa verið teknar saman helstu upplýsingar um lax- og silungsveiði á Íslandi á árinu 2022. Skýrslan byggir á gögnum sem skilað hefur verið til Hafrannsóknastofnunar fyrir veiðina árið 2022, frá veiðiréttarhöfum, forsvarsmönnum veiðifélaga eða annarra sem sjá um skráningu á lax- og silungsveiði. Heimilt er að nota gögn úr þessari skýrslu enda sé getið heimilda. Hér eru gögn birt með fyrirvara um breytingar/leiðréttigar í gagnagrunni og í síðari skýrslum.

2. Aðferðir

Lax- og silungsveiðin 2022 var að mestu skráð í veiðibækur sem Hafrannsóknastofnun sendi út til veiðifélaga eða handhafa veiðiréttar fyrir veiðitíma. Aðferðir við umsjón, öflun og úrvinnslu gagna var með áþekkum hætti og verið hefur undanfarin ár. Upplýsingarnar voru byggðar á gagnaskilum frá veiðiréttarhöfum, forsvarsmönnum veiðifélaga eða annarra sem sáu um skráningu veiði. Veiðimenn skráðu upplýsingar um hvern veiddan fisk í veiðibók og var það á ábyrgð forsvarsmanna veiðifélaga að skrá og skila bókum til Hafrannsóknastofnunar í lok veiðitímabilsins. Upplýsingar sem skráðar voru í veiðibækur voru færðar í rafrænan gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu.

Úr veiðibókum voru m.a. skráðar upplýsingar um dagsetningu á veiði, fisktegund, kyn, þyngd, lengd, hvort fiski sé sleppt eða landað, tegund agns auk veiðistaðanúmers ef það hefur verið skráð í veiðibókina. Í athugasemdir voru skráðar m.a. merkingar á fiskum og númer merkja. Veiði sem að frádregnum fjölda fiska sem sleppt var aftur, var skráð sem afli þ.e. fjöldi landaðra fiska úr viðkomandi veiðiá eða vatni. Tekinn var saman heildarfjöldi veiddra laxfiska eftir tegundum, afli og fjöldi slepptra fiska, ásamt þyngd aflans. Þá var tekin saman meðalþyngd veiddra fiska. Laxveiðinni var skipt í smálaxa og stórlaxa en smálax er lax sem dvalið hefur eitt ár í sjó en stórlax tvö ár í sjó eða lengur. Skipting milli smálaxa og stórlaxa var gerð þannig að til stórlaxa töldust hængar 4,0 kg og þyngri og hrygnur 3,5 kg og þyngri. Skipting í smálax og stórlax getur verið breytileg milli ára og vatnakerfa en skipting þessi á við um flestar veiðiár og er hægt að staðfesta með aldursgreiningu. Þeir laxar sem eru lengdarmældir en ekki þyngdamældir er gefin reiknuð þyngd úr frá þekktu sambandi lengdar (cm) og þyngdar (kg) ($\text{þyngd} = 0,00002159 \times \text{lengd}^{2,83307}$) (Guðni Guðbergsson 2016).

Tekið var fram í landshlutatöflunum (töflur 9-15) ef veiðiskýrslum var ekki skilað eða ef sérstakar ástæður voru fyrir því að veiði var ekki skráð t.d. ef ár voru friðaðar eða veiði ekki stunduð af öðrum ástæðum. Gerð er samantekt eins og áður fyrir laxveiði í völdum ám á árunum 1985 – 2022 (tafla 16) og samskonar (töflur 17 og 18) eru teknar saman fyrir valdar ár yfir veiði urriða og bleikju árin 1987 – 2022.

Allar upplýsingar um silungsveiðar sem skilað hefur verið til Hafrannsóknastofnunar er að finna í landshlutatöflum í skýrslu um lax- og silungsveiði eins og áður.

Gögnum um netaveiði var safnað á líkan hátt og fyrir stangveiði, en í netaveiði vantar allajafna upplýsingar um hvern fisk. Þess í stað voru oftar skráðar upplýsingar um heildarfjölda og heildarþyngd veiddra fiska hvern dag. Upplýsingarnar sem bárust úr gögnum fyrir netaveiði voru teknar saman þ.e. heildarfjöldi og heildaþyngd laxa og silunga í öllum landshlutum. Mikilvægt er að við skráningu á netaveiði komi fram fjöldi lagna, þ.e. hversu mörg net eru notuð og hversu marga sólarhringa (nætur) þau liggja. Með því móti er hægt að sjá hvort breytingar komi fram í afla á sóknareiningu sem getur endurspeglad breytingar í stofnstærðum.

Ekki liggja í öllum tilfellum fyrir nákvæmar upplýsingar um veiðitíma og veiðiaðferðir við öflun klaklaxa sem ætlaðir eru til fiskræktar og eru veiðiréttarhafar hvattir til að bæta þá skráningu. Allir fiskar sem hafa verið teknir í klak eru skráðir sem sleppt í gagnagrunninn.

Nokkrar ár byggja veiði á sleppingu gönguseiða sem sleppt er til hafbeitar og þeir endurheimtir með stangveiði. Þessar ár eru Affall A-Landeyjum, Ytri Rangá, Hólsá Austurbakki, Eystri Rangá og Þverá í Fljótshlíð. Í samantekt er veiði tekin saman fyrir hafbeitarveiði og svo fyrir ár sem byggja á veiði villtra laxa.

Öll gögn um lax- og silungsveiði sem bárust Hafrannsóknastofnun fyrir árið 2022 hafa verið færðar í gagnagrunninn Skrínuna og helstu niðurstöður teknar saman í þessari skýrslu. Veiðitölur sem bárust eftir að þessi samantekt var gerð eru ekki taldar hér með en þau gögn sem bárust of seint eða eftir að úrvinnsla gagna fyrir þessa skýrslu hófst fara í gagnagrunn um leið og þau berast Hafrannsóknastofnun.

Frá og með veiðítímabilinu 2023 verður sú breyting gerð að ætlast er til að veiði sé skráð rafrænt og skilað beint í gagnagrunn. Sú skráning taki því við af hinni hefðbundnu veiðibók. Með því móti verða veiðitölur aðgengilegar jafnóðum yfir veiðítímann. Hægt er að nálgast upplýsingar um rafræna veiðiskráningu á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar <https://veidibok.hafogvatn.is/is/veidibok/svaedi-yfirlit>. Þar er finna aðgang til skráningar í gegnum vafra en nokkrir möguleikar standa til boða. Veiðiréttarhafar og umsjónarmenn veiðiskráningar eru hvattir til að kynna sér þá möguleika sem eru í boði.

Möguleikar til rafrænnar skráningar á lax- og silungsveiði eru einnig í boði hjá fleiri aðilum með smáforritum, t.d. AnglingIQ en þeim gögnum ber einnig að skila í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar.

3. Niðurstöður

Lax -og silungsveiði 2022

Á árinu 2022 var stangveiði samkvæmt skráningu á laxi í ám á Íslandi alls 43.184 laxar (tafla 1) og af þeim var 23.029 (53,3%) sleppt og var heildarfjöldi landaðra stangveiddra laxa (afli) 20.155 (46,7%). Af stangveiddum löxum var 16.943 smálöxum sleppt og 18.505 landað eða samtals samtals 35.448 laxar (82,1 %) og 6.086 stórlöxum sleppt og 1.650 landað eða samtals 7.736 (17,9%) laxar með tveggja ára sjávardvöl eða lengri (stórlaxar). Alls var þyngd landaðra laxa (afli) í stangveiði 51.607 kg.

Á Suðurlandi voru veiddir alls 15.211 laxar, af þeim var 4.544 sleppt aftur og afli var 10.667 laxar sem vógu 28.426 kg. Á Vesturlandi voru veiddir 12.183 laxar. Af þeim var 5.881 sleppt og afli var 6.302 laxar sem vógu 14.935 kg. Á Norðurland vestra veiddust 5.697 laxar en 4.760 var sleppt og afli var 937 laxar sem vógu 2.448 kg. Á Austurlandi var veiðin 3.603 laxar og sleppt 3.288 og var fjöldi í afla 315 fiskar sem vógu 745 kg. Á Norðurlandi eystra veiddust 3.316 laxar og var 2.523 löxum sleppt og fjöldi fiska í afla var 793 laxar sem vógu 2.199 kg. Á Reykjanesi var veiðin 2.473 laxar og var sleppt 1.771, fjöldi fiska í afla var 702 og vógu 1.668 kg. Á Vestfjörðum veiddust 701 laxar og var 262 fiskum sleppt, fjöldi í afla var 439 laxar og vógu 1.186 kg (tafla 1).

Alls veiddust 2.448 laxar í net sumarið 2022 og var heildaraflinn 6.865 kg (tafla 2). Eins og undanfarin ár var skráð mest netaveiði á Suðurlandi en þar veiddust 2.380 laxar í net og var aflinn 6.663 kg, en á Suðurlandi er netaveiðin að mestu bundin við stóru jökulárnar.

Í stangveiði og netaveiði var heildaraflí landaðra laxa samanlagt 22.603 laxar og vógu alls 58.472 kg, af þeim voru 20.341 smálaxar og 2.262 stórlax. Þyngd smálaxa var 47.782 kg og þyngd stórlaxa 10.690 kg (tafla 3).

Uppruni laxa

Sumarið 2022 voru skráðir í stangveiði alls 32.631 laxar af villtum uppruna (tafla 5, 1. mynd) og voru villtir laxar sem var sleppt 63,4%. Í ám þar sem veiðin byggir á sleppingum gönguseiða (hafbeit) veiddust 10.553 laxar og í þeim ám var 2.329 (39,2%) sleppt. Samanlögð meðalveiði áranna 1974-2022 var 41.612 laxar og meðaltals veiði áranna 2011-2021 var 47.265 (tafla 5).

Netaveiðar lax

Netaveiðar hafa minnkað mikið síðustu ár og voru skráðir veiddir laxar í net alls 2.448 (2. mynd) og afli 6.865 kg. Veiðin í net árið 2022 var 2.126 löxum færri en árið 2021.

Á Suðurland voru veiddir 2.380 laxar og þyngd 6.663 kg. Á Vesturland veiddist 61 lax í net alls 175 kg og Norðurland vestra veiddust 7 laxar í net sem vógu 27 kg. Ekki bárust skráningar fyrir netaveiði á laxi frá öðrum landshlutum.

Aflí á villtum laxi

Aflí á villtum löxum hefur farið minnkandi á undanförnum árum bæði í stangveiði og netaveiði (3. mynd). Er þar bæði um að ræða aukinn fjölda sem sleppt er úr stangveiði og minnkandi sókn í netaveiði.

Urriðaveiði

Í stangveiði voru skráðir alls 53.005 urriðar í stangveiði árið 2022 og þar af voru 45,5% þeirra sleppt (tafla 4, 4. mynd). Það er mun hærra hlutfall slepptra urriða en árið áður þegar 32,0% af stangveiðiveiddum urriða var sleppt. Afli urriða var 28.907 fiskar sem vógu samtals 38.010 kg (tafla 4).

Eins og undanfarin ár var mesta skráða stangveiði á urriða á Suðurlandi en þar veiddust 30.093 urriðar og af þeim var 11.142 sleppt (37,0%). Á Norðurlandi vestra voru veiddir 10.491 urriðar og sleppt 4.255 (40,6%). Á Norðurlandi eystra voru veiddir 9.086 urriðar, sleppt 7.302 (80,4%). Á Vesturlandi voru veiddir 1.902 sleppt 777 (40,9%). Á Reykjanesi voru veiddir 929 urriðar og sleppt 429 (46,2%). Á Austurlandi veiddust 426 urriðar og 173 sleppt (40,6%) og líkt og undanfarin ár var minnst veiði á urriða á Vestfjörðum eða 78 urriðar og 20 sleppt (25,6%) (tafla 4). Árið 2022 veiddust 9.616 fleiri urriðar en árið áður sem getur endurspeglad vaxandi stofnstærðir eða betri skráningu.

Bleikjuveiði

Í stangveiði voru skráðar veiddar bleikjur alls 26.348 (tafla 4, 5. mynd), af þeim var 5.005 sleppt (19,0%), en árið 2021 voru veiddar 30.726 bleikjur og sleppt 45,2%. Afli bleikju var 21.343 fiskar (81,0%) sem vógu samtals 15.268 kg.

Af landshlutum var mesta skráða bleikjuveiði á Suðurlandi alls 16.239 en af þeim var sleppt 1.934 og (11,9%). Á Norðurlandi vestra voru veiddar 4.035 bleikjur og sleppt 541 (13,4%). Á Norðurlandi eystra voru veiddar 2.333 bleikjur og sleppt 1.549 (66,4%). Alls veiddust 1.233 bleikjur á Austurlandi og sleppt 315 (25,5%), á Vestfjörðum voru veiddar 1.417 bleikjur og sleppt 397 (28,0%). Á Vesturlandi voru veiddar 984 bleikjur og sleppt 221 (22,5%), á Reykjanesi voru veiddar 107 bleikjur og sleppt 48 (44,9%) (tafla 4).

Veiðihæstu árnar

Yfir allt landið þá voru 10 efstu laxveiðíárnar, Ytri-Rangá og Vesturbakki Hólsár með 5.112 laxa. Eystri-Rangá með 3.782 laxa, Miðfjarðará með 1.531 laxa, Þverá og Kjarrá með 1.414 laxa, Norðurá með 1.352 laxa, Hofsá með 1.211 laxa, Selá Vopnafirði með 1.164 laxa, Affall í Austur Landeyjum með 1.079 laxa, Laxá Kjós og Bugða með 1.056 og Langá 1.017 laxa (tafla 6).

Af 5 veiðihæstu urriðaveiðisvæðum landsins þar sem stangveiði var stunduð og skráð, voru veiddir flestir urriðar í Veiðivötnum, alls 12.123 urriðar. Í Þingvallavatni voru veiddir 4.896 urriðar. Í Laxá í Þingeyjasýslu ofan Brúa veiddust 4.423 urriðar, í Fremri Laxá á Ásum var urriðaveiðin 3.986, Vatnsdalsá og Giljá með 1.984 urriða (tafla 7). Auk þessara fimm voru sjö ár/vötn með yfir 1.000 skráða urriða, í öðrum ám og vötnum var skráð minni veiði.

Fimm hæstu veiðisvæði fyrir bleikju voru Veiðivötn með 7.191 bleikjur, Hólaá/Laugarvatn með 3.394 bleikjur, Hlíðarvatn í Selvogi með 2.007 bleikjur, vötn sunnan Tungnaár með 1.111 bleikjur, og Brúará og Hagaós með 966 bleikjur (tafla 8).

Veitt og sleppt

Fjöldi smálaxa var 20.981 en árið 2021 voru smálaxar 18.435 (6. mynd). Fjöldi villtra laxa sem sleppt hefur verið úr stangveiði hefur farið vaxandi frá því sú veiðiaðferð var fyrst skráð hér á landi árið 1996. Hlutfall villtra laxa sem sleppt er úr stangveiði hefur farið jafnt og þétt vaxandi

og var 63,4% af veiðinni 2022 (7. mynd). Sumarið 2022 var hlutfall smálaxa sem sleppt var af villtum uppruna alls 58,9% en 81,3% stórlaxa (8. mynd). Alls var hlutfall sleppt af smálaxi 47,8% en 78,7% af heildarveiði stórlaxa var sleppt þegar hafbeitarveiðin var tekin með (8. mynd).

Af skráðri stangveiði á urriða var 45,5% sleppt aftur en hlutfall þeirra sem sleppt var hefur ekki verið hærra síðan skráningar hófust. Hlutfall bleikju sem sleppt var í stangveiði var 19,0% miðað við 45,2% hlutfall bleikju sem var sleppt 2021 (9. mynd). Ein af skýringunum gæti t.d. verið að í skráningu hafi gleymst að merkja að fiski hafi verið slept.

Veiði eftir landshlutum

Á Reykjanesi veiddust í stangveiði 2.473 laxar, 1.771 löxum var sleppt og afli var 702 laxar. Mesta veiði í Laxá í Kjós og Bugðu 1.056 laxar, Elliðaár 797 laxar og Leirvogsá með 400 laxa (tafla 9).

Á Vesturlandi veiddust 12.183 laxar og 5.881 löxum var sleppt og afli var 6.302 laxar, flestir veiddir laxar á Vesturlandi voru í Þverá Kjarrá 1.414, Norðurá 1.352 og Langá 1.017. Aðrar ár á Vesturlandi voru með minna en 1.000 laxa (tafla 10).

Á Vestfjörðum veiddust 701 laxar, sleppt var 262 löxum og afli var 439 laxar. Þrjár efstu veiðíárnar á Vestfjörðum voru Laugardalsá með 108 laxa, Víðidalsá, Þverá og Húsadalsá með 106 laxa og Fjarðarhornsá 88 laxar (tafla 11).

Á Norðurlandi vestra veiddust 5.697 laxar og 4.760 var sleppt og fjöldi laxa í afla 937. Mestur fjöldi veiddra laxa á Norðurlandi vestra var í Miðfjarðará eða 1.531 laxar, Laxá á Ásum 818 laxar og Víðidalsá og Fitjaá voru samtals með 802 laxa (tafla 12).

Á Norðurlandi eystra veiddust 3.316 laxar og var fjöldi sleppt 2.523 og afli 793 laxar. Mestur fjöldi veiddra laxa á Norðurlandi eystra var í Laxá í Aðaldal með 433 laxa, Hafralónsá 397 laxa og Svalbarðsá 382 laxa (tafla 13).

Á Austurlandi veiddust 3.603 laxar. Fjöldi laxa sem sleppt var 3.288 og var aflinn 315 laxar. Þrjár aflahæstu árnar á Austurlandi voru Hofsá með 1.211 laxa, Selá í Vopnafirði með 1.164 laxa, og Vatnasvæði Jökulsár á Dal með 799 laxa (tafla 14).

Á Suðurlandi veiddust 15.211 laxar, 4.544 löxum var sleppt og aflinn var 10.667 laxar. Mest var veiðin í Ytri – Rangá og Vesturbakka Hólsár alls 5.112, Eystri – Rangá 3.782, Affall A-Landeyjum 1.079 (tafla 15).

Í skýrslum lax- og silungsveiði fyrri ára þá hefur laxveiði í völdum ám fyrir árin 1985 til 2022 verið tekin saman ásamt meðalveiði tímabilsins auk mestu og minnstu veiði (tafla 16). Veiði á urriða á árunum 1987-2022 er tekin saman (tafla 17) og fyrir bleikju yfir sama tímabil (tafla 18).

Netaveiðin 2022

Skráð heildar laxveiði í net voru 2.448 laxar og var aflinn 6.865 kg. Á Suðurlandi voru alls 2.380 laxar veiddir í net. Mest var veitt í Þjórsá 1.616 lax, í Hvítá 487 laxar og Ölfusá 234 laxar. Á Vesturlandi veiddust alls 61 lax í net og var öll veiði í net á Vesturlandi skráð í Hvítá. Á Norðurlandi vestra voru skráðir 7 laxar í net og voru allir veiddir í Miklavatni í Fljótum (tafla

19). Ekki skiluðu allir sem stunda netaveiði gögnum til Hafrannsóknastofnunar í tíma og vantar því inn í netaveiði skráninguna.

Skráð heildar silungsveiði í net á landinu öllu voru 6.639 urriðar og 25.755 bleikjur (tafla 19). Mesta skráða urriðaveiði var í Veiðivötnum alls 1.895 urriðar og þar veiddust 13.560 bleikjur en hluti vatna í Veiðivötnum voru friðuð fyrir netaveiði eins og áður.

Sjóbirtingur og sjóbleikja eftir landshlutum

Þegar litið er á stangveiði á urriða (sjóbirtingi) í ám sem hafa reglulega og samfellda veiðiskráningu sést að fjöldi skráðra sjóbirtinga er mestur á Suðurlandi (10. mynd). Stangveiði á urriða er minni í öðrum landshlutum en hefur farið vaxandi í ám á Norður- og Austurlandi. Þegar litið er til fráviks veiði frá meðaltali sést að aukningin hefur komið fram í öllum landshlutum á síðari árum þótt nokkur breytileiki geti verið á milli ára (11. mynd). Stærstu stofnar sjóbirtings eru í ám við suðurströndina, einkum í Vestur-Skaftafellsýslu (Guðni Guðbergsson og fl. 2021).

Sjóbleikju hefur almennt fækkað verulega í öllum landshlutum (12. mynd) og er sú fækkun áhyggjuefni. Sú minnkun er enn greinilegri þegar litið er til fráviks frá meðaltali (13. mynd). Sjóbleikja hefur verið ríkjandi tegund í ám á Austfjörðum og á Tröllaskaga og var til skamms tíma útbreidd á Vestfjörðum en þessi svæði tilheyra eldri berggrunni landsins. Vert er að taka fram að sú aukning sem kemur fram á Suðurlandi byggir á hlutfallslega fáum fiskum.

Hnúðlax

Árið 2022 veiddust fimm hnúðlaxar (bleiklaxar) hér á landi sem skráðir voru í veiðiskýrslur, þar af fjórir á stöng. Einn þeirra veiddist í Flókadalsá á Norðurlandi vestra, einn í Geirlandsá á Suðurlandi og á Vesturlandi veiddust tveir hnúðlaxar, einn í Grímsá og Tunguá og einn í Hvítá. Á Norðurlandi eystra veiddist einn hnúðlax í net (14. mynd).

Regnbogasilungur

Alls voru skráðir 197 regnbogasilungar, einn þeirra veiddist í Ytri – Rangá og einn í Ormarsá, hinir 195 voru veiddir í Djúpavatni á Reykjanesi.

Eldislax

Árið 2022 bárust Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu upplýsingar um 44 laxa sem ætla mætti að væru eldislaxar. Við greiningu á þessum 44 löxum kom í ljós að 28 laxar voru eldislaxar og 16 villtir laxar. Laxarnir sem voru af eldisuppruna voru 22 úr Mjólká í Arnarfirði, fjórir úr Ósá í Patreksfirði og tveir úr Sunndalsá í Arnarfirði. Laxarnir sem voru greindir villtir voru allir úr Mjólká nema einn sem var úr Sunndalsá (Leó Alexander Guðmundsson, munnleg heimild, 31. maí 2023.).

4. Umræður

Árið 2022 veiddust 43.184 laxar á stöng sem er um 4% yfir meðalveiðinni frá 1974-2021. Hlutfall lax sem var sleppt (53,3%) af veiddum fiski er nær sama hlutfall og árið á undan (53,7%), en árið 2021 var hæsta hlutfall af veiddum laxi sleppt frá því skráningar hófust. Árið 2022 varð skráð aukning í stangveiði miðað við árið 2021 í ám í öllum landshlutum nema Vestfjörðum en þar var minnkun um 7,4%. Aukningin var á Reykjanesi 4,9%, á Vesturlandi 2,0%, á Norðurlandi vestra 2,0%, á Norðurlandi eystra 39,2%, á Austurlandi 40,7% og á Suðurlandi 23,3%.

Laxar með tveggja ára sjávardvöl (stórlaxar) eru mikilvægir fyrir fjölbreytileika laxastofna. Hlutfall hrygna er yfirleitt hærra í stórlaxi og hrognafjöldi þeirra er um tvöfalt meiri en smálaxahrygna. Stórlaxar ganga fyrr í árnar og hafa því áhrif til lengingar veiðitíma en ekki síst eru stórlaxar eftirsóttari af veiðimönum og því verðmætari fyrir veiðinýtingu.

Afkoma laxa í sjó hefur mikið að segja varðandi endurheimtur. Miklar sveiflur hafa átt sér stað á endurheimtum laxa úr sjávardvölinni undanfarin ár og er fjöldi þeirra laxa sem ganga upp í árnar háður fjölda seiða sem ganga úr ánum til sjávar og hversu mörg þeirra lifa sjávardvölinna af og skila sér aftur í árnar. Almennt hefur dánartala laxa í sjó í Norður Atlantshafi farið vaxandi. Ástæður þess eru ekki þekktar en bent hefur verið á þætti eins og loftslagsbreytingar, meðaflaveiði, áhrif fiskeldis og breytingar á búsvæðum í fersku vatni (Guðni Guðbergsson o.fl. 2021).

Á síðustu árum hefur fjöldi fiska sem sleppt er úr stangveiði (veitt og sleppt) aukist stöðugt. Í flestum ám hefur veiðimönum verið gert skylt að sleppa öllum stórlöxum, þ.e. löxum sem mælast 69 cm og lengri og einnig hefur veiðimönum í nokkrum ám verið skylt að sleppa öllum veiddum löxum.

Almennt hefur laxveiði í net minnkað á liðnum árum vegna uppkupa á netum, leigu á netaveiðirétti og minnkandi veiðisókn.

Árið 2022 var heildartala á stangveiði á urriða hærri en árið áður, en minni veiði á bleikju. Hluti af skýringu hvað varðar bleikju gæti verið skráning veiðimanna og skil á gögnum og einnig er spurning um hvernig umhverfisþættir hafi áhrif á stofnstærðir.

Þau vatnakerfi sem hafa reglulega skráningu á sjóbirtingi og sjóbleikju sýna að almennt hefur sjóbirtingsveiði aukist samhliða stækkanzi stofnum á meðan sjóbleikjuveiði hefur minnkað í öllum landshlutum (Guðni Guðbergsson o.fl. 2021). Sambærilegar breytingar í stofnstærðum sjóbleikju og sjóbirtings hafa komið fram í Norður-Noregi sem styrkir þá ályktun að um sameiginlega þætti sé að ræða sem tengjast loftslagsbreytingum (Svenning o.fl. 2020). Þegar stofnar sjóbleikju verða litlir minnkar veiðipol þeirra og eru veiðiréttarhafar hvattir til að gæta að veiðipoli sjóbleikjustofna og gera ráðstafanir til að draga úr sókn í tíma til verndar bleikjustofnum.

ENN er ástæða til að ítreka að nauðsynlegt er að bæta skráningu á silungsveiði, skráning hefur batnað en þó vantar enn mikið uppá skráningu á silungsveiði. Skráning á silungsveiði er eitt þeirra verkefna sem þarf að bæta úr og þurfa veiðimenn og veiðiréttarhafar að hafa þetta í huga.

Undanfarin ár hefur verið mikil aukning í framleiðslu á eldisfiski einkum í sjókvíum á Vestfjörðum og Austfjörðum en með auknu fiskeldi í sjó hér við land aukast líkur á að laxfiskar geti sloppið úr eldi og gengið í ár. Laxinn sem er notaður í fiskeldi hér á landi er af norskum uppruna, fjarskyldur íslenskum laxastofnum og því er blöndun þeirra við íslenska laxastofna talin geta haft slæm áhrif. Almennt eru stofnar laxa aðlagaðir að hverri á og stofnar laxa í nærliggjandi ám skyldari en við stofna sem eru fjær (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2018). Mikilvægt er að veiðimenn séu vakandi fyrir mögulegum eldiseinkennum á veiddum löxum. Fiskum með eldiseinkenni á að landa svo greina megi þá frekar og taka sýni til greininga. Einkenni er hægt að sjá á ugum, sporði og hreistri eldisfiska og þá má rannsaka frekar með greiningu á vaxtarmynstri í hreistri og/eða með greiningu erfðaefnis.

Mikilvægt er að hafa í huga að ef stofnar minnka getur uppbygging þeirra komið til með að taka lengri tíma en ef dregið væri úr sókn í tæka tíð og er veiðistjórnun á hverju veiðisvæði á ábyrgð veiðiréttarhafa. Því er mikilvægt að vakta ef stofnar verða litlir og þarf að huga að því að ekki verði veitt umfram veiðibol þeirra. Markmið laga um lax- og silungsveiði kveður á um að veiðinýting á náttúrulegum fiskstofnum í fersku vatni skuli vera sjálfbær. Aukin þekking á fiskstofni styrkir góða stjórnun nýtingar og er skráning á lax- og silungsveiði því forsenda þess að hægt sé að gera grein fyrir stöðu stofna laxfiska á hverjum tíma sem aftur má nota til skynsamlegrar nýtingar þessarar mikilvægu auðlindar til framtíðar.

Fyrsti hnúðlaxinum sem vitað er um að hafi veiðst hér á landi var árið 1960 í Hítará á Mýrum (Þór Guðjónsson 1961). Þegar ártal stendur á sléttri tölu er minna af hnúðlaxi en þegar ártal er oddatala og því má gera ráð fyrir því að árið 2023 veiðist meira af hnúðlaxi en síðasta ár og eru veiðimenn beðnir um að skrá veidda hnúðlaxa og koma upplýsingum og sýnum af löxum til greiningar. Ástæða þess að munur er á göngum hnúðlaxa milli ára er að lífsferill hans er einungis tvö ár. Hrygning fer fram síðsumars og klekjast seiðin út vorið eftir og ganga þau til sjávar eftir 2-3 vikur. Þar dvelur laxinn á beitarsvæðum til næsta vors og drepst hnúðlax að lokinni hrygningu. Lítið sást til hnúðlaxa veiðisumarið 2022 en staðfest var vorið 2022 að hnúðlax hafi hrygnt á Íslandi en áður hafa fundist hrygnur sem voru ný hrygndar. Það fundust gönguseiði hnúðlaxa í þrem ám á Suðvesturhluta landsins, þ.e. Botnsá í Hvalfirði, Langá á Mýrum og ármót Grímsá Hvítár í Borgarfirði (Skora o.fl. í undirbúningi). Hnúðlax er framandi og mögulega ágeng tegund í íslensku straumvatni og er óljóst hvaða áhrif staðbundnir stofnar hnúðlaxa kom til með að hafa á lífríkið sem fyrir er og mun þurfa frekari rannsóknir til lengri tíma til að leiða slíkt í ljós (Sunna Björk Ragnarsdóttir og Sigmar Metúsalemsson 2020). Mikilvægt er að skrá hnúðlaxa eins og aðra veiði svo hægt sé að fylgjast með vexti stofnsins í veiði í íslenskum ám.

Tíðarfar getur haft áhrif á fiskgengd og veiði. Ársmeðaltöl hita, winds og loftþrýstings voru mikil til í meðallagi á árinu 2022. Ársúrkoma var víðast hvar rétt undir eða yfir meðallagi. Þó var úrkomusamt á höfuðborgarsvæðinu og víða á Norðausturlandi. Vorið var hlýtt og hægviðrasamt og tíð almennt góð. Sumarið (júní til ágúst) var nokkuð kalt og voru fáir mjög hlýir dagar, en september var hlýr og hægviðrasamur um land allt (Veðurstofa Íslands 2023).

Mikilvægt er að auka stöðugt við þekkingu á laxfiskum sem styður síðan við góða stjórnun á laxfiskastofnum. Góðar rannsóknir og skráning á veiði eru mikilvægar forsendur þess að hægt

sé að gera grein fyrir stöðu stofna laxfiska á hverjum tíma sem aftur má nota til skynsamlegrar nýtingar og verndar þessara mikilvægu auðlindar til framtíðar.

Þakkarorð

